

BÍÓTEKIÐ BIÓTEKIÐ BÍÓTEKIÐ BÍÓTEKIÐ

D A G S K R Á

VOR ‘26



BÍÓTEKIÐ er heiti yfir reglulegar kvikmyndasýningar á vegum Kvikmyndasafns Íslands sem haldnar eru í samstarfi við **Bíó Paradís**. Sýndar verða valdar íslenskar og erlendar kvikmyndir einn sunnudag í hverjum mánuði, frá janúar fram í apríl 2026. Boðið verður upp á sérstaka viðburði, fræðslu og spjall í tengslum við þær kvikmyndir sem verða sýndar. Frekari upplýsingar um dagskrá og miðasölu er að finna á samfélagsmiðlum og á kvikmyndasafn.is og bioparadis.is

Miðaverð er 1.290 krónur.



Solaris


1972

Solaris er eitt af lykilverkum Andrei Tarkovsky og telst meðal dýpstu og áhrifamestu sci-fi-mynda kvikmyndasögunnar. Myndin byggir lauslega á samnefndri skáldsögu Stanislaws Lems, en Tarkovsky umbreytir efnivíðnum í heimspekilega ihugun um minni, sekt, ást og takmörk mannlegrar þekkingar. Sagan gerist á geimstöð á braut um plánetuna Solaris. Geimfar er sent þangað til að rannsaka undarlega liðan sem hrjáir áhöfnina. Ólíkt hefðbundnum vísindaskáldskap hafnar Tarkovsky hugmyndinni um geiminn sem vettvang landvinninga og spyr í staðinn hvort mannkynið sé yfirhöfuð fært um að skilja hið óþekkt á þess að leita í sína eigin spegilmynd. Myndin á ótvírætt erindi í dag í tengslum við ábyrgð mannsins og þeirrar siðferðilegu byrði sem fylgir því að fá óskir sínar uppfylltar.

Gunnar Þorri Pétursson þýðandi rússneskra bókmennta, fyrirlesari og sjálfstætt starfandi fræðimaður kynnir áhorfendum Andrei Tarkovsky og *Solaris*.

kl. 15:00

25.
janúar



Skammdegi

1985

Kvikmyndasafn Íslands hefur gert upp og fært á stafrænt form kvikmyndina *Skammdegi* í leikstjórn Þráins Bertels-sonar frá árinu 1985. Ung ekkja, sem búsett hefur verið erlendis lengi, erfir helming eignar á vestuhluta landsins en mágur hennar á þegar hinn helminginn. Hún er í slagtogi með ríkum manni sem býr ekki langt frá landareigninni og hefur áhuga á að kaupa hana. Hún reiðubúin að beita öllum brögðum sem til þarf til að fá mág sinn til að selja. Brátt finnst henni að einhver ókunnug manneskja sitji um líf sitt. *Skammdegi* var fimmta mynd Þráins Bertelssonar og í henni kvað við annan og myrkari tón en í fyrri myndum hans, Lífs-þríleiknum og Jóni Oddi og Jóni Bjarna, sem eru með ástsælustu gamanmyndum þjóðarinnar.

kl. 17:00

25.
janúar



Syndir Feðranna

2007

Heimildarmynd um uppdísheimiðlið Breiðavík, þar sem svokallaðir „vandræðadrengrir“ á aldrinum 9–16 ára voru vistaðir. Á árunum 1956–1972 dvöldu þar alls 128 drengrir og sá yngsti var aðeins sex ára. Síðar kom í ljós að þeir höfðu margir orðið fyrir kerfisbundnu og grófu ofbeldi á meðan á vistinni stóð. Myndin fjallar um mál þeirra í víðu samfélagslegu og sögulegu samhengi. Hvernig getur ofbeldi gegn börnum víðgengist innan kerfis sem á að vernda þau? Sagan er sögð í gegnum frásagnir fimm manna sem dvöldu í Breiðavík, barnungir, á mismunandi tímabilum. Myndin varpar ljósi á þögn, ótta og langvarandi afleiðingar ofbeldis sem lengi var flegstum hulið enda hafði hún ótvíræð áhrif í íslensku samfélagi auk þess að eiga sinn þátt í örlagaríkum umbreytingum í opinberri orðræðu. *Syndir feðranna* vann á sínum tíma til tveggja Edduverðlauna. Í myndinni er vitnað til áróðursmyndarinnar, Úr dagbók lífsins sem var framleidd í fjáröflunar- og forvarnarskyni fyrir Breiðavíkurheimilið og er á dagskrá Bíóteksins í febrúar.

kl. 19:00

25.
janúar



Ísland á filmu: Sjón er sögu ríkari

1950

Á þessari sérstöku sýningu verður í fyrsta sinn í 75 ár hægt að sjá mynd Lofta Guðmundssonar, eins af helstu frumkvöðlum þjóðarinnar í kvikmyndagerð. Myndin heitir *Sjón er sögu ríkari* og var frumsýnd árið 1950. Hún sýnir nokkra helstu listamenn þjóðarinnar í litmynd með hljóði leika listir sínar. Kvikmyndasafnið hefur unnið að endursamsetningu þeirra hluta hennar sem hafa varðveist en í þeim má meðal annars sjá einstakar myndir af Maríu Markan, Jórunni Viðar, Magnúsi Jónssyni og Fritz Weissshappel flytja tónlist sína fyrir framan kvikmyndavélina. Þá er einnig í myndinni merkilegur grínþáttur Alfréds Andréssonar og Haraldar Á. Sigurðssonar. Myndin er sannkallaður menningarlegur fjársjóður sem enginn ætti að missa af.

Gunnar Tómas Kristófersson sérfræðingur á Kvikmyndasafni Íslands kynnir fyrir áhorfendum Loft Guðmundsson.

kl. 15:00

15.
febrúar



Úr Dagbók lífsins

1963

Úr dagbók lífsins er íslensk áróðurs- og forvarnarmynd um uppdísmál og samfélagsleg vandamál. Myndin dregur upp átakanleg dæmi úr íslensku samfélagi og sýnir hvernig vanræksla og óstöðugt heimilislíf geta hrakið börn og unglinga út á braut öreglu og afbrota. Í gegnum leiknar og sviðsettar senur myndarinnar er sýnt fram á það hvernig skortur á stuðningi og leiðsögn getur mótað framtíð barna til hins verra. Myndin var gerð að frumkvæði Magnúsar Sigurðssonar skólastjóra sem liður í baráttu hans fyrir bættri barnavernd. Ágóði af sýningum rann á sínum tíma til byggingar heimila fyrir afvegaleidda æsku á borð við Breiðavík sem eru í dag orðnar alræmdar fyrir ofbeldi og harðneskju í garð sömu barna og átti að hjálpa.

Spurt og svarað með góðum gestum og áhorfendum.

kl. 16:30

15.
febrúar



Tvöfalt líf Veroniku


1991

Tvöfalt líf Veroniku er töfrandi og tilfinningarík mynd eftir hinn goðsagnakennda leikstjóra Krzysztof Kieslowski. Myndin fjallar um tvær ungar konur, hina pólsku Weronikę og frönsku Veronique. Hvorug veit af tilvist hinnar en þær deila óutskýrðri tengingu sem mótar líf þeirra á dularfullan hátt. Með ljóðrænu myndmáli, draumkennndri tónlist Zbigniew Preisner og einkennandi næmni byggir Kieslowski upp sögu um tilfinningalega innsýn í líf tveggja einstaklinga með einstaka tengingu sem mótask af óráðum örlögum beggja. Kieslowski var einn virtasti leikstjóri Evrópu og er í dag þekktur fyrir tileikinn Dekalog sem og *Líta*-þríleikinn, *Bláan*, *Hvítan* og *Rauðan*. *Tvöfalt líf Veroniku* markaði tímamót á ferli hans og sýnir einstakt vald hans á andrúmslofti og tilfinningadýpt.

Kvikmyndir Krzysztof Kieslowski eru sýndar í samstarfi við Sendiráð Frakklands og Póllands á Íslandi.

kl. 19:00

15.
febrúar



Sjö samúræjar

1954

Sjö samúræjar er ein áhrifamesta kvikmynd kvikmynda-sögunnar og markaði hápunkt á ferli leikstjórans Akira Kurosawa. Myndin sameinar epíska frásögn, djúpan skilning og næmi fyrir persónum og samfélagi manna. Kvikmyndin hafði varanleg áhrif á bæði japanska og vestræna kvikmyndagerð. Kurosawa notar sögu svið stéttskipts Japan á miðöldum til að fjalla um sigild þennu: heiður, skyldu, stéttaskiptingu og fórn. Samúræjarirnir eru ekki hetjur í hefðbundnum skilningi, heldur menn á jaðrinum, svangir, þreyttir og oft dæmdir til ósigurs í samfélagi sem þarfnast þeirra en umbunar þeim ekki. Stíll Kurosawa er bæði hefðbundinn og framsækinn. *Sjö Samúræjar* lagði grunn að ótal endurgerðum og afbrigðum, allt til nútíma hasar- og hetjumynda. Hún stendur enn sem tímalaus áminning um hvað kvikmyndamiðillinn getur gert þegar form og innihald vinna fullkomlega saman.

Kvikmynd Akira Kurosawa er sýnd í samstarfi við sendiráð Japan á Íslandi.

kl. 15:00

22.
mars



Trois couleurs: Bleu

1993

Bíótekið sýnir allar þrjár myndirnar í hinum goðsagnakennda líta-þríleik Krzysztof Kieslowski; *Trois couleurs: Bleu*. *Blár* fjallar um Julie, konu sem reynir að byggja líf sitt upp á ný eftir skyndilegt áfall. Í leit sinni að tilfinningalegu frelsi glímir hún við sorg og minningar. Tengsl sem hún hvorki getur flúið né gleymt. Myndin sýnir innra líf aðalpersónunnar þar sem Julie reynir að losa sig undan fortíðinni og endurheimta stjórn á eigin lífi. Myndin sýnir þó að raunverulegt frelsi fæst ekki með því að einangra sig heldur með stjórn á eigin tilfinningum og tengslum við aðra.

Kvikmyndir Krzysztof Kieslowski eru sýndar í samstarfi við Sendiráð Frakklands og Póllands á Íslandi.

kl. 17:00

22.
mars



Trois couleurs: Blanc

1994

Bíótekið sýnir allar þrjár myndirnar í hinum goðsagnakennda líta-þríleik Krzysztof Kieslowski; *Trois couleurs: Blanc*. Hvítur segir frá Karol, pólskum hárskera sem stendur uppi ráðvilltur í París eftir að eiginkona hans yfirgefur hann. Myndin endurspeglar jafnaðarhugmyndina í frönsku byltingunni en nálgast efnið í gegnum flókna valdaleiki hjónabandsins þar sem Karol reynir að endurheimta virðingu sína. Myndin varpar ljósi á það hversu brothætt jafnrétti er og hvernig það er háð félagslegum, efnahagslegum og persónulegum aðstæðum.

Kvikmyndir Krzysztof Kieslowski eru sýndar í samstarfi við Sendiráð Frakklands og Póllands á Íslandi.

kl. 19:30

22.
mars




Frankenstein

1931

Frankenstein er ein áhrifamesta hryllingsmynd allra tíma og byggir á samnefndri skáldsögu Mary Shelley (1818). Myndin er lykilverk klassíska Hollywood tímabilsins á fjórða áratugnum sem gaf tóninn fyrir útilit og yfirbragð bandarískra skrimslamynda. Myndin segir frá Dr. Henry Frankenstein, ungum vísindamanni, sem þráir að brjótask út fyrir náttúrulegar takmarkanir vísindanna. Hann reynir að skapa líf úr dauðum líkamshlutum; tilraun sem leiðir til tilurðar hins goðsagnakennda skrimslis Frankenstein. Í magnaðri túlkun sinni setur Boris Karloff skrimslíð fram með blöndu af meðaumkun og ógn á máta sem skapar jafnt skelfingu og samúð.

kl. 15:00

19.
apríl



Blóðrautt sólarlag

1977

Blóðrautt sólarlag er ein af lykilmyndum Hrafn Gunnlaugs-sonar og markar upphaf hans sem höfundar. Myndin er hra og stílhrein frásögn um svik, hefnd og örlög, þar sem íslenskt landslag er ekki aðeins bakgrunnur heldur virkur þáttakandi í dramatíkinni. Kvikmyndin fjallar um mann sem snýr aftur til Íslands eftir langa dvöl erlendis og dregst inn í atburðarás sem mótask af gömlum sárum og óuppgerðum átökum. Hann er jaðarsettur, fámáll og knúinn áfram af innri spennu fremur en skýrum markmiðum. Fortíðin sækir stöðugt á hann. Myndin er ekki hefðbundin frásögn með skýra söguþróun, heldur stemningsrík og táknræn hugleiðing um ofbeldi, einangrun og karlmennsku.

kl. 17:00

19.
apríl



Trois couleurs: Rouge

1994

Bíótekið sýnir allar þrjár myndirnar í hinum goðsagnakennda líta-þríleik Krzysztof Kieslowski; *Trois Couleurs: Rouge*. *Rauður* er lokaverk og hápunktur þríleiksins þar sem örlög og tengsl ólíkra einstaklinga fléttast saman í hljóðlátari leit að samstöðu og bræðralagi. Myndin fylgir Valentine, svissneskri fyrrsætu, sem kynnist einmana dómara sem hlerar samtöl nágranna sinna. Myndin dregur upp spurningar um siðferði, tengsl og tilviljanirnar sem móta líf okkar. *Rauður* er hlý, heimspekileg og formfögur mynd sem dregur saman þennu þríleiksins. Hún setur bræðralag í forgrunn með því að kanna ósýnilegar tengingar milli fólks og þá samkennd sem getur myndast þrátt fyrir fjarlægðir og ólík hlutskipti. Myndin minnir á að samfélag byggir á þeirri skyldu okkar að leitast við að skilja annað fólk.

Kvikmyndir Krzysztof Kieslowski eru sýndar í samstarfi við Sendiráð Frakklands og Póllands á Íslandi.

kl. 19:00

19.
apríl